

3. Nefndin skal svara fyrirspurnum, sem henni berast frá stofnunum eða einstaklingum, og leitast við að hafa góða samvinnu við aðilja, sem mikil áhrif hafa á málfar almenningis, svo sem blöð, útvarp og skóla. Allar fyrirspurnir og svör skulu geymd í plöggum nefndarinnar.
4. Nefndin skal hafa samstarf við norrænu málefndirnar og senda fulltrúa á hin árlegu þing þeirra, ef við verður komið.

Auk þess getur ráðuneytið falið málnefndinni önnur verkefni, sem varða íslenskt mál, svo sem stafsetningarmál, ráðgjafarstarf um útgáfu handbóka og kennslubóka o. s. frv.

2. gr.

Í Íslenskri málnefnd skulu eiga sæti 3 aðalmenn og 1 varamaður, skipaðir af menntamálaráðherra. Skulu 2 aðalmenn vera prófessorar í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands. A. m. k. einn aðalmanna skal hafa lokið háskólaprófi í íslenskri málfræði sem sérgrein. Skipunartími nefndarinnar er 4 ár. Nefndin kýs sér formann.

3. gr.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun til nefndarmanna, svo og til sérfræðinga, sem nefndin leitar til. Formaður annast fjárreiður nefndarinnar og gefur ráðuneytinu árlega skýrslu um þær. Hann ræður aðstoðarmann í samráði við nefndina og semur um þóknun til hans í samráði við menntamálaráðuneytið.

Menntamálaráðuneytið, 10. marz 1965.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Áhaldasjóð Barnaspítala Hringsins, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. marz 1965. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Áhaldasjóð Barnaspítala Hringsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Áhaldasjóður Barnaspítala Hringsins.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru kr. 99 991.00, sem félagsskapur hér í bæ hefur aflað og gefið til stofnunar sjóðs þessa. Tekjur hans verða frjáls framlög félaga og einstaklinga, minningargjafir, dánargjafir o. s. frv. Vextir af höfuðstól, eins og hann er á hverjum tíma og afborganir af lánum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrk og lán til áhaldakaupa fyrir Barnaspítala Hringsins, svo sem lækningatæki, rannsóknartæki og hjúkrunargögn, en ekki má nota fé sjóðsins til kaupa á venjulegum rekstrarvörum.

Enn fremur má veita öðrum deildum Landspítalans styrk og lán til verkfæra-kaupa, enda séu færð að því rök, að viðkomandi tæki komi Barnaspítala Hringsins að notum, þótt þau séu staðsett utan hans.

4. gr.

Styrk má veita úr sjóðnum, er nemur allt að helmingi verðmætis tækja þeirra, er keypt eru til deilda Barnaspítala Hringsins og lána má stjórn sjúkráðsins allt að sömu upphæð, ef ekki verður á annan hátt aflað fjár til tækjakaupa, enda verði greiddir vextir af láninu, sem eigi eru lægri en venjulegir bankavextir og sjóðnum greiddar árlegar afborganir af láninu.

Styrkur til annarra deilda Landspítalans má verða allt að 25% verðmætis tækjanna og lán allt að 50%.

5. gr.

Yfirlæknir Barnaspítala Hringsins skal ákveða hvernig fé sjóðsins er varið, hver skuli vera hlutföll milli styrkja og lána hverju sinni og í hvaða röð tækja skuli vera aflað. Hann skal undirrita alla lánasamninga og bera ábyrgð á, að skipulagsskrá sjóðsins sé haldin.

Sjóðurinn skal vera í vörzlu Kvenfélagsins Hringsins, sem annast reikninga hans, inn- og útborganir og tekur á móti gjöfum og öðru fé, er sjóðnum kann að áskotnast. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningur félagsins og birtir með öðrum reikningum þess.

Hætti Kvenfélagið störfum skal afhenda sjóðinn stjórn Landspítalans

6. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta, nema til komi samþykki $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða aðalfundar Kvenfélagsins Hringsins og jafnframt samþykki yfirlæknis Barnaspítala Hringsins.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 2. maí 1965.

Kvenfélagið Hringurinn.

María Bernhöft.

Sigprúður Guðjónsdóttir.

Anna Hjartardóttir.

Hólmfríður Andrésdóttir.

Lára Biering.

AUGLÝSING

um flokkun á kartöflum.

Tilraunaráð jarðræktar hefur samkvæmt ákvæðum 14. gr. reglugerðar nr. 162 28. september 1962, um Grænmetisverzlun landbúnaðarins, mat og flokkun kartafna og grænmetis, ákveðið, að kartöflum skuli skipað í flokka sem hér segir:

I. flokkur:

Gullauga (Helga).

Rauðar íslenzkar.

Möndlukartöflur.

Bintje (stærð 45 gr. og stærri).